

30. nóvember 1983

1369

Nr. 771

## AUGLÝSING

### um afgreiðslutíma verslana í Kópavogi.

#### 1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Kópavogi.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og bensín-afgreiðslur.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn það, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

#### 2. gr.

Afgreiðslutími skal vera frjáls, sbr. þó ákvæði 3. og 4. gr.

#### 3. gr.

Þeir er vilja hafa verslanir sínar opnar á tímabilinu frá kl. 22.00 til kl. 07.00 að morgni skulu sækja um sérstakt leyfi til þess til bæjarráðs.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

Til bæjarráðs skal sækja um sérstakt leyfi til að hafa opið þá daga sem um getur í b-lið 4. gr.

#### 4. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- a) föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- b) alla sunnudaga, nýársdag, skírdag, annan páskadag, annan hvítasunnudag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó ákvæði 3. og 8. gr.
- c) aðfangadag jóla og gamlársgangur skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15.00.

#### 5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

#### 6. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum skal heimilt að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að það sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr. þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

## 7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á, þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða sölustað, þegar lokað er.

## 8. gr.

Bæjarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu skal renna til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

## 9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. skal greiða gjald í bæjarsjóð skv. ákvörðun bæjarstjórnar.

Bæjarráð getur veitt aðila, er rekur biðskýli fyrir strætisvagnafarþega í sambandi við söluturn, undanþágu frá greiðslu gjalds, skv. 1. mgr.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarráð og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarráð svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

## 10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. og fyrstu málsgreinar 3. gr. er til 31. maí 1984 óheimilt að hafa verslanir opnar frá kl. 07.00 til 08.00 að morgni, eftir kl. 20.00 mánudaga til fimmtudaga og eftir kl. 16.00 á laugardögum, sbr. þó ákvæði b-liðar 4. gr.

Í desember er þó heimilt að hafa verslanir opnar sem hér segir:

a) annan laugardag til kl. 18.00.

b) þriðja laugardag til kl. 22.00.

c) síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla til kl. 23.00.

Miðvikudag í dymbilviku er heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 22.00.

Þau leyfi til kvöld- og helgarsölu, með þeim skilyrðum sem þeim fylgdu og bæjarráð hefur veitt skv. eldri auglýsingu um afgreiðslutíma verslana í Kópavogi, falla úr gildi 31. maí 1984.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða. Gildi samþykktarinnar er háð takmörkunum sem lög nr. 45/1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Með samþykkt þessari fellur út gildi auglýsing um afgreiðslutíma verslana í Kópavogi nr. 199 frá 30. apríl 1975.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1983.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*